

# Námshgrein: íslenska

## Bekkur: 8.

Tímahjöldi á viku: 2 klst + ½ klst. yndislestur

*Kennsluáðferðir og skipulag*

Leitast við að hafa blöndu af sjálfstæðri vinnu nemenda, innlögnum og glósugerð, umræðum, hópavinnu, einstaklingsvinnu og framsögn. Símat yfir veturinn.

Nemendur sinna yndislestri jafnt heima og í skóla og skila lestrardagbók á hálfsmánaðarfresti sem gildir 15% af lokaekunn.

*Grunnþættir menntunar*

| Grunnþáttur             | Áhersluþættir grunnþátta menntunar   |
|-------------------------|--|
| Læsi                    | Áhersla á mismunandi lestur, t.d. skimun, punktalestur, djúplestur, yndislestur. Læsi í gegn um ritun.   |
| Sjálfbærni              | Skoðuð út frá ljóðum og textum. Nemendur virkjaðir í flokkun rusls í skólastofunni.  |
| Heilbrigði og velferð   | Nemendur upplifi sig örugga í munnlegri og skriflegri tjáningu.  |
| Lýðræði og mannréttindi | Nemendur fá val um mismunandi form í sumum verkefnaskilum, t.d. hugarkort, ritgerð, stuttmynd. Rýnt í bókmenntatexta út frá hugtökunum lýðræði og mannréttindi og mismunandi tímabil sögunnar borin saman. Unnið í tengslum við rökræður og umræður frá sjónarhóli nemenda í tengslum við þeirra upplifun og ýmsa texta. |
| Jafnrétti               | Jafnrétti í bókmenntatextumi, nýjum sem gömlum, skoðað og borið saman við nútímann. Verkefni þar sem allir nemendur geta notið sín. Nemendur verði meðvitaðir um jafnrétti sín á milli í hópavinnu.  |
| sköpun                  | Nemendur hvattir til sköpunar í gegn um ritun, tjáningu og túlkun eigin verka og annarra.  |

| Viðfangsefni               | Námsefni  | Hæfniviðmið/ markmið  | Mat   |
|----------------------------|---|---|---|
| Talað mál, hlustun, áhorf. | Gauragangur, myndin.<br>Kveikjur 1, valdir kaflar.<br>Efni frá kennara.<br>Orðbragð 1. þáttaröð, þættir um íslenska tungu.<br>Upplestur kennara og upplestur af netinu. | Nemandi...<br>✓ geti gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær<br>✓ þjálfist í samræðum í litlum hópum um tiltekið málefni<br>✓ geti tjáð sig frjállega frammi fyrir skólafélögum sínum og öðrum hópum um eigin reynslu og upplifun<br>✓ geti hlustað af þolinmæði, með athygli og skilningi á samræður annarra | Símat, frammistaða í tímum.<br>Verkefnavinna í tengslum við Kveikjur. |

|                      |  |  |   |
|----------------------|--|--|---|
|                      |  | <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ geti hlustað með eftirtekt á ljóð og laust mál og endursagt efnið á skipulegan hátt, munnlega eða skriflega</li> <li>✓ horfi á a.m.k. eina íslenska kvikmynd</li> <li>✓ þjálfist í að hlusta á upplestur ýmiss konar bókmenntaefnis</li> </ul>  |   |
| Lestur og bókmenntir | <p>Valdar sögur og ljóð.<br/>Kveikjur 1, valdir kaflar.<br/>Yndislestrarbækur.<br/>Séðu það sem ég sé, valin sögubrot.<br/>Gunnlaugs saga ormstungu.</p> | <p>Nemandi...</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ geti fundið affreyingarefni við sitt hæfi, heima, á bókasafni eða á netinu.</li> <li>✓ lesi nokkrar (unglinga)bækur að eigin vali (yndislestur)</li> <li>✓ lesi og ræði ítarlega um bækur sem fjalla um unglunga</li> <li>✓ auki orðaforða sinn og lesskilning með margvíslegum lestrarverkefnum</li> <li>✓ þekki grunnhugtökin í umfjöllun um skáldsögur, t.d. boðskapur, aðal- og aukapersónur, tími, umhverfi</li> <li>✓ þjálfist í mismunandi lestri, leitarlestri, yfirlitslestri, hraðlestri og nákvæmnislestri</li> <li>✓ lesi og ræði mismunandi lausamálstexta s.s. smásögur, þjóðsögur, goðsögur, æfintýri</li> <li>✓ þekki mun hefðbundinna og óhefðbundinna ljóð</li> <li>✓ lesi og ræði valdar vísur og ljóð</li> <li>✓ þekki hugtökin; <i>rím, stuðlar, braglína, endurtekning, persónugerving og líking</i> og geti nýtt sér þau í umfjöllun og ritun um bókmenntatexta</li> <li>✓ geti greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og áttað sig á tengslum efnisatriða</li> </ul> | <p>Lestrardagbók<br/>Verkefni og próf úr Gunnlaugs sögu.<br/>Verkefnavinna í tengslum við Kveikjur,</p>       |
| Ritun                | <p>Kveikjur, textabók og vinnubók.<br/>Orðhákur 1<br/>Efni frá kennara.</p>  | <p>Nemandi...</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ þekki flestar stafsetningarreglur og hafi náð nokkurri færni í greinamerkjasetningu</li> <li>✓ þjálfist í uppsetningu og frágangi á eigin texta, m.a. bréfum, umsóknum, ritgerðum og lýsingum</li> <li>✓ tileinki sér persónulega og læsilega rithönd</li> <li>✓ geti skipt texta í setningar, málsgreinar og efnisgreinar af nokkru öryggi</li> <li>✓ þjálfist í að taka glósur í námi sínu</li> </ul>   | <p>Ýmsir ritunartextar lagðir fyrir og metnir með leiðsagnarmati.<br/>Kjörbókarskýrsla.<br/>Lestrardagbók</p> |

|          |   |   |  |
|----------|---|---|--|
|          |   | <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ geti skrifað skilmerkilega um eigin reynslu, hugsanir og tilfinningar</li> <li>✓ skrifi útdrætti og endursagnir úr munnlegu og skriflegu efni</li> <li>✓ þjálfist í að beita mismunandi stíl í rituðu máli með tilliti til viðtakanda og efnis</li> <li>✓ geti skrifað sögur og ljóð</li> <li>✓ þjálfist í að nota myndmál, málshætti og orðtök þar sem við á</li> <li>✓ fáist við ritun í tengslum við lesna bókmenntatexta</li> </ul>  |  |
| Málfræði | <p>Málið í mark: Fallorð. Í b<br/>Glósur og annað efni frá kennara.<br/>Orðabækur<br/>Uppflettirit eins og Málfinnur, Málvísi og Skrifinnur<br/>Snara og önnur leitartæki á netinu.</p> | <p>Nemandi...</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ fái tækifæri til að leika sér með tungumálið, t.d. myndagátum, krossgátum, þrautum og ýmiss konar orða- og málleikjum</li> <li>✓ átti sig á flokkun í <i>sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð</i></li> <li>✓ þekki beygingaratriði fallorða og geti fundið fall, tölu og kyn orða</li> <li>✓ geri sér grein fyrir hvað upplettimynd orða er og nýti sér það við notkun orðabóka</li> <li>✓ þekki og geti unnið með reglulegar og óreglulegar beygingar sagnorða</li> <li>✓ geti fundið nafnhátt og boðhátt sagna og átti sig á merkingarlegum einkennum þeirra</li> <li>✓ geti fundið nútíð og þátíð sagna</li> <li>✓ þekki mun einhljóða og tvíhljóða</li> <li>✓ geti greint forskeyti og viðskeyti og skilið hlutverk þeirra við orðmyndun</li> <li>✓ þekki muninn á setningu, málsgrein og efnisgrein og geti sett viðeigandi greinarmerki rétt við eigin texta</li> <li>✓ geti fundið stofn orða og nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu og orðmyndun</li> <li>✓ geti nýtt sér málfræðilegar leiðbeiningar í námsgögnum</li> <li>✓ geti flett upp í orðabókum og nýtt sér þær upplýsingar sem þar er að finna</li> </ul> | <p>Reglulegar kannanir í málfræði og stafsetningu<br/>Verkefnavinna í tímum og heima</p> |

# Námsgrein: Íslenska

## Bekkur: 9

Tímafjöldi á viku: 3 klukkustundir + hálf klst. yndislestur.

### *Kennsluaðferðir og skipulag*

Áhersla á fjölbreytni í kennsluháttum. Leitast við að hafa blöndu af sjálfstæðri vinnu nemenda, innlögnum og glósugerð, umræðum, hópavinnu, einstaklingsvinnu og framsögn.

Símat yfir veturinn.

Nemendur sinna yndislestri jafnt heima og í skóla og skila lestrardagbók á hálfsmánaðarfresti sem gildir 15% af lokaekunn.

### *Grunnþættir menntunar*

| Grunnþáttur             | Áhersluþættir grunnþátta menntunar  |
|-------------------------|---|
| Læsi                    | Áhersla á mismunandi lestur, t.d. skimun, punktalestur, djúplestur, yndislestur. Læsi í gegn um ritun.  |
| Sjálfbærni              | Skoðuð út frá ljóðum og textum. Nemendur virkjaðir í flokkun rusls í skólastofunni.   |
| Heilbrigði og velferð   | Nemendur upplifi sig örugga í munnlegri og skriflegri tjáningu og upplifi jákvætt andrúmsloft í tímum.  |
| Lýðræði og mannréttindi | Nemendur fá val um mismunandi form í sumum verkefnaskilum, t.d. hugarkort, ritgerð, stuttmynd. Rýnt í bókmenntatexta út frá hugtökunum lýðræði og mannréttindi og mismunandi tímabil sögunnar borin saman. Unnið í tengslum við rökræður og umræður út frá sjónarhóli nemenda í tengslum við þeirra upplifun og ýmsa texta. Nemendur fá að hafa skoðanir á námsefninu og tillit tekið til skoðanna þeirra. Nemendur fá að einhverju leyti að velja sér vinnufélaga. |
| Jafnrétti               | Jafnrétti í bókmenntatextum, nýjum sem gömlum. Verkefni þar sem allir nemendur geta notið sín. Nemendur verði meðvitaðir um jafnrétti sín á milli í hópavinnu. Mismunandi hópaskipting.   |
| Sköpun                  | Nemendur hvattir til sköpunar í gegn um ritun, tjáningu og túlkun eigin verka og annarra. Nemendur fá tækifæri til að vinn verkefni á mismunandi hátt og skila þeim á mismunandi formi.   |

| Viðfangsefni               | Námsefni   | Hæfniviðmið/ markmið  | Mat  |
|----------------------------|--|---|--|
| Talað mál, hlustun, áhorf. | Neistar, valin verkefni.<br>Efni frá kennara.<br>Orðbragð, þriðja þáttaröð, þættir um íslenska tungu.<br>Upplestur kennara og upplestur af netinu.<br>Órói, kvikmynd.<br>Útlaginn, kvikmynd.<br>Rithöfundakynning. | Nemandi... <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ geti tjáð sig frjállega frammi fyrir skólafélögum sínum, t.d. á fundum og samkomum</li> <li>✓ geti sagt skipulega frá eigin reynslu og upplifun, t.d. eftir leiksýningar, kvikmyndir eða lestur bóka</li> <li>✓ geti gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær</li> <li>✓ þjálfist í að taka þátt í samræðum um tiltekin málefni og komast að niðurstöðu</li> <li>✓ taki þátt í leikrænni tjáningu, t.d. spunaæfingum látbragðsleik eða leiklestri</li> <li>✓ geti endursagt og/eða lesið upphátt sögur og ljóð með viðeigandi látbragði, tónfalli og áherslum</li> <li>✓ geti flutt bundið mál þannig að rím, stuðlar og hrynjandi njóti sín</li> <li>✓ tileinki sér skýran og áheyrilegan framburð og viðeigandi talhraða</li> <li>✓ þjálfist í að tala blaðlaust um eitthvert ákveðið efni í tiltekinn tíma</li> <li>✓ geri sér grein fyrir mikilvægi raddverndar, slökunar, réttar öndunar og líkamsbeitingar við framsögn</li> <li>✓ hlusti á úrval bókmenntaefnis í bundnu og óbundnu máli t.d. af mynd- eða hljóðmiðli</li> <li>✓ geti nýtt sér fræðslu og skemmtiefni á myndbandi, margmiðlunarefni og á netinu til ýmiss konar vinnslu.</li> </ul> | Símat, frammistaða í tímum.<br>Ýmis verkefnavinna.   |
| Lestur og bókmenntir       | Ýmsar sögur og ljóð.<br>Neistar, valdir kaflar og verkefni.<br>Yndislestrarbækur.<br>Korku saga, Gísla saga Súrssonar, Mýrin<br>Smásagnasmáræði, valdar sögur.<br>Með fjaðrabliki – valdir kaflar.                 | Nemandi... <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ geti fundið afþreyingarefni við sitt hæfi, heima, á bókasafni eða á netinu</li> <li>✓ geti aflað sér heimilda á bókasafni eða ýmsum gagnagrunnum til frekari úrvinnslu</li> <li>✓ geti nýtt sér orðabækur og aðrar handbækur til að auka orðaforða sinn og efla lesskilning</li> <li>✓ lesi nokkrar bækur að eigin vali og geti fjallað um þær</li> <li>✓ geti gert útdrátt úr því efni sem hann les</li> <li>✓ átti sig á aðal- og aukaatriðum</li> <li>✓ geti gert sér grein fyrir og fjallað um boðskap, markmið og hugblæ ljóða</li> </ul>  | Lestrardagbók.<br>Korkusaga – Gísla saga Súrssonar<br>– Mýrin - ýmis verkefni.<br>Verkefnavinna. |

|       |   |  |   |
|-------|---|--|---|
|       | Rithöfundakynning.<br>Hugfinnur.  | <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ sé fær um að beita ólíkum lestraraðferðum, t.d. leitarlestri, skimun, yfirlitslestri, nákvæmnislestri og hraðlestri</li> <li>✓ geti gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda</li> <li>✓ geti lesið og túlkað fjölbreyttar bókmenntir, íslenskar og erlendar</li> <li>✓ geti beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði; <i>tími, sögusvið, sjónarhorn, ris</i></li> <li>✓ kannist við myndmál; <i>myndhverfing, bein mynd, viðlíking, persónugerving.</i></li> </ul>  |   |
| Ritun | Neistar og Skilaboð<br>móttekin, valdir kaflar.<br>Efni frá kennara.<br>Skólablað.<br>Fjölmiðlar.<br>Lestrardagbók. | <p>Nemandi...</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ nái valdi á stafsetningu og þekki flestar reglur um greinarmerkjasetningu</li> <li>✓ geti nýtt sér útskýringar í orðabókum, kennslubókum og notað leiðréttingarforrit þegar hann er í vafa um rithátt einstakra orða</li> <li>✓ öðlist góða tilfinningu fyrir setningaskipan og skiptingu texta í málsgreinar og efnisgreinar</li> <li>✓ geti gengið frá eigin texta, m.a. bréfum, umsóknum, ritgerðum og lýsingum</li> <li>✓ geti skrifað skilmerkilega um eigin reynslu, hugsanir, skoðanir og tilfinningar og rökstutt mál sitt</li> <li>✓ geti skrifað skýr og greinileg fyrirmæli eða leiðbeiningar</li> <li>✓ geti skrifað sögur og ljóð og notað myndmál, málshætti og orðtök þegar við á</li> <li>✓ nái góðum tókum á að skrifa útdrætti og endursagnir úr munnlegu og skriflegu efni</li> <li>✓ þjálfist í ritun í tengslum við lesna bókmenntatexta</li> <li>✓ geti beitt mismunandi stíl í rituðu máli með tilliti til viðtakanda og efnis</li> <li>✓ þjálfaðist í að leita að og skoða efni á netinu til að nýta sér það í ritvinnslu</li> <li>✓ geti nýtt sér tölvu við ritvinnslu og geti gengið frá efni á tölvutæku formi.</li> </ul> | Ýmsir ritunartextar lagðir fyrir og metnir með leiðsagnarmati.<br>Kjörbókarskýrsla.<br>Lestrardagbók. |

|          |  |   |   |
|----------|--|---|---|
| Málfræði | <p>Málið í mark: Sagnorð og Óbeygjanleg orð.<br/> Málið í mark, vefur.<br/> Valin verkefni úr Neistum.<br/> Glósur og annað efni frá kennara.<br/> Orðabækur.<br/> Uppflettirit eins og Málfinnur, Málvísi og Skrifinnur.<br/> Snara og önnur leitartæki á netinu.</p> | <p>Nemandi...</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ fái tækifæri til að leika sér með tungumálið, t.d. myndagátum, krossgátum, þrautum og ýmiss konar orða- og málleikjum</li> <li>✓ átti sig á flokkun, hvernig orðum er skipt eftir merkingarlegum og formlegum einkennum í <i>fallorð</i>, <i>sagnorð</i> og <i>óbeygjanleg orð</i></li> <li>✓ þekki helstu beygingaratriði fallorða og sagnorða og átti sig á hvað er reglulegt og óreglulegt</li> <li>✓ skilji merkingarlegan mun á háttum sagna</li> <li>✓ geti flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna</li> <li>✓ skilji hugtökin <i>setning</i>, <i>málsgrein</i>, og <i>efnisgrein</i> og geti nýtt sér þau í sambandi við greinamerkjasetningu, leiðréttingar og frágang eigin texta</li> <li>✓ kannist við helstu hugtök í tengslum við orðmyndun, <i>stofn</i>, <i>rót</i>, <i>forskeyti</i>, <i>viðskeyti</i> og <i>beygingarendingu</i> og geti nýtt sér þau við stafsetningu og orðmyndun</li> <li>✓ öðlist áhuga á að vanda mál sitt sem best bæði í ræðu og riti og sem hæfir aðstæðum hverju sinni</li> <li>✓ geri sér grein fyrir skyldleika íslenskunnar við önnur mál</li> </ul> | <p>Reglulegar kannanir í málfræði og stafsetningu.<br/> Verkefnavinna í tímum og heima.</p> |
|----------|--|---|---|

# Námsgrein:Íslenska

## Bekkur 10.

Tímafjöldi á viku: 3 klst.

### *Kennsluáðferðir og skipulag*

Leitast við að hafa blöndu af sjálfstæðri vinnu nemenda, innlögnum og glósugerð, umræðum, hópavinnu, einstaklingsvinnu og framsögn. Símat yfir veturinn.

Nemendur sinna yndislestri jafnt heima og í skóla og skila lestrardagbók á hálfsmánaðarfresti sem gildir 15% af lokaekunn.

### *Grunnþættir menntunar*

| Grunnþáttur             | Áhersluþættir grunnþátta menntunar   |
|-------------------------|--|
| Læsi                    | Áhersla á mismunandi lestur, t.d. skimun, punktalestur, djúplestur, yndislestur. Læsi í gegn um ritun.   |
| Sjálfbærni              | Skoðuð út frá ljóðum og textum. Nemendur virkjaðir í flokkun rusls í skólastofunni.  |
| Heilbrigði og velferð   | Nemendur upplifi sig örugga í munnlegri og skriflegri tjáningu.  |
| Lýðræði og mannréttindi | Nemendur fá val um mismunandi form í sumum verkefnaskilum, t.d. hugarkort, ritgerð, stuttmynd. Rýnt í bókmenntatexta út frá hugtökunum lýðræði og mannréttindi og mismunandi tímabil sögunnar borin saman. Unnið í tengslum við rökræður og umræður frá sjónarhóli nemenda í tengslum við þeirra upplifun og ýmsa texta. |
| Jafnrétti               | Jafnrétti í bókmenntatextumi, nýjum sem gömlum, skoðað og borið saman við nútímann. Verkefni þar sem allir nemendur geta notið sín. Nemendur verði meðvitaðir um jafnrétti sín á milli í hópavinnu.  |
| sköpun                  | Nemendur hvattir til sköpunar í gegn um ritun, tjáningu og túlkun eigin verka og annarra.  |



| Viðfangsefni                | Námsefni  | Hæfniviðmið/ markmið  | Mat   |
|-----------------------------|---|---|---|
| Talað mál, hlustun og áhorf | Valdar sögur og ljóð.<br><br>Með allt á hreinu, bíómynd ásamt verkefnum.<br><br>Djöflaeyjan, bíómynd.<br><br>Neisti, valin verkefni.  | Nemandi:<br><ul style="list-style-type: none"> <li>✓ geti flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas</li> <li>✓ gerir sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtir sér leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall og hrynjandi</li> <li>✓ getur tekið virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti og rökstutt þær</li> <li>✓ geti hlustað, talað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni</li> <li>✓ geti nýtt sér fjölmiðla svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni og tekið afstöðu til þess sem þar er birt</li> <li>✓ átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisni.</li> </ul> | Símat, frammistaða í tímum.<br><br>Verkefnavinna í tengslum við Neista og verkefni sem kennari leggur fyrir.  |
| Lestur og bókmenntir        | Englar alheimsins.<br><br>Valdar smásögur og ljóð.<br><br>Yndislestrarbækur.<br><br>Mér er í mun, valdir kaflar úr bókinni.<br><br>Grettis saga, valdir kaflar og verkefni. | Nemandi . . .<br><ul style="list-style-type: none"> <li>✓ finnur sér afþreyingarefni við sitt hæfi á heimili, bókasafni og á Netinu</li> <li>✓ afli sér heimilda á bókasafni og á tölvutæku formi til frekari úrvinnslu</li> <li>✓ þjálfist markvisst í notkun orðabóka, handbóka og gagnasafna</li> <li>✓ geti lesið á gagnrýninn hátt og myndað sér skoðun á því sem hann hefur lesið</li> </ul>  | Lestrardagbók<br><br>Einstaklings- og hópverkefni úr Englum alheimsins<br><br>Verkefni úr Grettissögu og stuttmyndagerð<br><br>Verkefnavinna í tengslum við Neista. |

|       |                                    |   |  |
|-------|------------------------------------|---|--|
|       |                                    | <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ geti skynjað boðskap og markmið texta og gert grein fyrir þeim tilfinningum sem texti vekur með honum</li> <li>✓ taki þátt í umræðum um lesna texta</li> <li>✓ kynnist heimi Íslendingasagna með því að lesa eða ræða um Íslendingasögu að hluta eða í fullri lengd</li> <li>✓ þekki og geti útskýrt mun á mismunandi bókmenntaformi; <i>smásögu, skáldsögu, leikriti, heimildasögu, þjóðsögu, æfintýri, þulu, bréfi, dagbók, ljóði, prósaljóði og stöku</i></li> <li>✓ geri sér grein fyrir hugtökunum laust mál og bundið, hefðbundið og óhefðbundið ljóð</li> <li>✓ geti fjallað um form og byggingu ljóða og notað til þess hugtökin <i>rím, stuðlar, brgalína, hrynjandi og endurtekning</i></li> <li>✓ kannist við nokkra algenga bragarhætti</li> <li>✓ geti fjallað um skáldsögur og notað til þess hugtökin <i>tími, umhverfi, sjónarhorn, boðskapur, ris, persónusköpun og aðal- og aukapersónur</i></li> <li>✓ þekki og geti fjallað um mismunandi gerðir myndmáls; <i>beina mynd, viðlíkingu, persónugervingu og myndhverfingu</i></li> <li>✓ læri að umgangast heimildir og geri skýran greinarmun á milli eigin hugmynda og annarra í umfjöllun um bókmenntverk</li> </ul> |  |
| Ritun | Neistar.<br><br>Efni frá kennurum. | Nemandi . . .<br><ul style="list-style-type: none"> <li>✓ kannist við allar stafsetningarreglur og reglur um greinarmerkjasetningu</li> <li>✓ geti stafsett rétt almennan texta</li> </ul>  | Ritunartextar lagðir fyrir og metnir með leiðsagnarmati.<br><br>Kjörbókartímaritgerð |

|          |  |   |   |
|----------|--|---|---|
|          |  | <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ geti nýtt sér hjálpargögn við réttitun</li> <li>✓ beiti skipulegum vinnubrögðum við ritun og geti skipað efnisatriðum í röklegt samhengi</li> <li>✓ geti tjáð hugmyndir sínar og skoðanir í rituðu máli og fært rök fyrir þeim</li> <li>✓ geti skrifað mismunandi textagerðir með fjölbreyttum orðaforða og málsniði við hæfi</li> <li>✓ nái tókum á heimildavinnu</li> </ul>  | <p>Kjörbókarfyrirlestur</p> <p>Áhugasviðsritgerð</p>              |
| Málfræði | <p>Málið í mark, óbeygjanleg orð.</p> <p>Efni frá kennara.</p> <p>Uppflettirit eins og Málfinnur, Málvísi og Skriffinnur.</p> <p>Snara og önnur leitartæki á netinu.</p> | <p>Nemandi . . .</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>✓ geti beitt helstu málfræðihugtöku í umræðu um notkun málsins og þróun þess</li> <li>✓ átti sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og geri sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra</li> <li>✓ þekki helstu hugtök í tengslum við orðmyndun og orðhluta s.s. <i>stofn, rót, forskeyti, viðskeyti, beygingarending og samsett orð</i></li> <li>✓ þekki og geti unnið út frá hugtökunum: <i>hlutstæður/óhlutstæður, gildishlaðinn/hlutlaus, sértækur/víðtækur</i></li> <li>✓ geti nýtt sér hjálpargögn til að greina málfræðiupplýsingar sem þar er að finna</li> <li>✓ geri sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði</li> <li>✓ áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun</li> <li>✓ þekki til helstu framburðarmállýskna</li> </ul> | <p>Reglulegar kannanir</p> <p>Verkefnavinna í tímum og heima.</p> |

# Námsgrein: Stærðfræði

## Bekkur: 8.

### *Kennsluáðferðir og skipulag*

Nemendum er kennt kynjaskipt í vetur. Þeir hitta kennara tvisvar í viku en hafa einnig vinnustundir til að ljúka við verkefni. Innlagnir og glósur verða í upphafi hvernar lotu. Umræðutímar koma inn á milli og vinnutímar eftir þörfum. Símat verður yfir veturinn. Nemendur fá áætlanir í upphafi hvernar lotu þar sem hæfniviðmið koma fram, hvaða dæmi þarf að leysa og hvernig námsmat lotunnar verður.

### *Grunnþættir menntunar*

| Grunnþáttur             | Áhersluþættir grunnþátta menntunar  |
|-------------------------|---|
| Læsi                    | Að nemendur skilji myndmál og geti nýtt sér það við almenna upplýsingaöflun. Nemendur séu talnalæsir og geti lesið úr töflum og tölum við ýmsar aðstæður.   |
| Sjálfbærni              | Að gera nemendur ábyrga um að skapa samábyrgt samfélag og takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags.  |
| Heilbrigði og velferð   | Áhugasviðum nemenda er gefið rými í stærðfræðináminu og þannig fá þeir tækifæri til að vinna út frá styrkleika og áhuga. Með þessu byggist upp jákvæð sjálfmynd og heilbrigði eflist. Hugað er að eigin velferð og annarra og skapað vinnuumhverfi þar sem nemendur eru samábyrgir. |
| Lýðræði og mannréttindi | Réttur allra er virtur og teknar lýðræðislegar ákvarðanir auk þess sem tekið er tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi. Mikilvægt að nemendur þrói með sér hæfni til að rökstyðja og leggja mat á rökstuðning annarra með hjálp stærðfræðinnar.                   |
| Jafnrétti               | Að veita öllum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sín og lifa ábyrgu og skapandi lífi í frjálsu og víðsýnu samfélagi í anda skilnings, umburðarlyndis og jafnræðis.  |
| sköpun                  | Að virkja nemendur til að gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en þeir hafa áður gert og miðla til annarra.  |

| Viðfangsefni | Námsefni  | Hæfniviðmið/ markmið   | Mat   |
|--------------|---|--|---|
| Rúmfræði     | Átta-tíu 1 og 2<br>Skali 1 og 2<br>Almenn stærðfræði 1 og 2<br>Efni frá kennara af neti | Getur fundið miðpunkt striks með notkun hringfara<br>Getur teiknað línustrik hornrétt hvort á annað<br>Getur fundið flatarmál marghyrninga og hornasummu þeirra<br>Þekkir einkenni hrings (þvermál, geisla, ummál)<br>Getur reiknað flatarmál hrings<br>Getur reiknað ummál hrings<br>Getur reiknað þvermál hrings<br>Veit hvað $\pi$ er og getur nýtt það við útreikninga<br>Þekkir mun á tvívídd og þrívídd.<br>Þekkir hugtökin réttstrendingur og teningur.<br>Getur reiknað rúmmál ferstrendinga.<br>Getur reiknað rúmmál Þrístrendinga.<br>Getur reiknað rúmmál sívalnings.<br>Veit hvort mælieining á við flatarmál eða rúmmál.<br>Uppsetning hnitakerfisins (ásar og fjórðungar)<br>Speglun<br>Hliðrun<br>Snúningur | Í lok hvernar lotu er námsmat sem getur verið könnun, heimadæmi, munnlegt próf, samvinnupróf. |
| Algebra      | Átta-tíu 1 og 2<br>Skali 1 og 2<br>Almenn stærðfræði 1 og 2<br>Efni frá kennara af neti | Þekkir hugtakið stæða.<br>Getur einfaldað stæður.<br>Getur reiknað gildi á stæðu.<br>Getur greint mynstur og regluleika.<br>Þekkir forgangsröð aðgerða .<br>Þekkir reglur um notkun sviga.<br>Leysa einfalda jöfnu með einni óþekktri stærð<br>Setja upp jöfnu út frá texta og leysa hana<br>Setja upp gildistöflu fyrir jöfnu og teikna línurit út frá henni.   | Í lok hvernar lotu er námsmat sem getur verið könnun, heimadæmi, munnlegt próf, samvinnupróf. |

|                                    |   |   |   |
|------------------------------------|---|---|---|
| Tugabrot, almenn brot og prósentur | Átta-tíu 1 og 2<br>Skali 1 og 2<br>Almenn stærðfræði 1 og 2<br>Efni frá kennara af neti | Hefur góðan skilning á sætiskerfinu og uppbyggingu tugakerfisins.<br>Getur reiknað með tugabrotum.<br>Skilur sambandið milli tugabrota, almennra brota og prósentu.<br>Getur reiknað með prósentu þríhyrningnum.<br>Getur fundið hækkun og lækkun með prósentum.<br>Getur skrifað tölur sem eiginleg brot, óeiginleg brot og blandnar tölur.<br>Getur unnið með jafngild brot.<br>Getur lengt og stýtt almenn brot.<br>Getur fundið hluta af heild.<br>Getur beitt reikniðgerðunum fjórum þegar unnið er með almenn brot. | Í lok hvernar lotu er námsmat sem getur verið könnun, heimadæmi, munnlegt próf, samvinnupróf. |
| Talnafræði og líkindi              | Átta-tíu 1 og 2<br>Skali 1 og 2<br>Almenn stærðfræði 1 og 2<br>Efni frá kennara af neti | Veit hvað er framtala.<br>Getur fundið hvaða tölur eru framtölur.<br>Getur skráð tölur í veldi.<br>Veit hvað er ferningstala og ferningsrót<br>Getur frumpáttað tölur.<br>Finna líkur á útkomu<br>Setja líkur fram sem almenn brot, tugabrot og prósentur<br>Teikna líkindatré<br>Finna líkur á tveimur óháðum atburðum<br>Finna fjölda möguleika á samsetningu   | Í lok hvernar lotu er námsmat sem getur verið könnun, heimadæmi, munnlegt próf, samvinnupróf. |
| Hlutföll                           | Átta-tíu 1 og 2<br>Skali 1 og 2<br>Almenn stærðfræði 1 og 2<br>Efni frá kennara af neti | Finna hlutfall af heild.<br>Finna hlutfall milli hópa.<br>Bera saman hlutföll.<br>Nýta mælikvarða t.d. á landakorti.<br>Þekkja mismunandi skráningarform á hlutföllum.  | Í lok hvernar lotu er námsmat sem getur verið könnun, heimadæmi, munnlegt próf, samvinnupróf. |

|          |   |  |  |
|----------|---|--|--|
| Tölfræði | Átta-tíu 1 og 2<br>Skali 1 og 2<br>Almenn stærðfræði 1 og 2<br>Efni frá kennara af neti | Lesi úr myndritum<br>Teikna tíðnitöflu<br>Teikna myndrit -súlurit, stöplarit, línurit<br>Þekkja hugtakið tíðni<br>Þekkja miðsækni hugtökin og geta nýtt þau við útreikninga<br>Kynnast forritinu excel | Í lok hvernar lotu er námsmat sem getur verið könnun, heimaæmi, munnlegt próf, samvinnupróf. |
|----------|---|--|--|

# Námsgrein: Stærðfræði

## Bekkur: 9.

### *Kennsluáðferðir og skipulag*

Nemendum er kennt kynjaskipt einn tíma á viku í vetur en í seinni tímanum verður allur árgangurinn saman. Einnig hafa þeir vinnustundir til að ljúka við verkefni. Innlagnir og glósur verða í upphafi hverrar lotu. Umræðutímar koma inn á milli og vinnutímar eftir þörfum. Símat verður yfir veturinn. Nemendur fá áætlanir í upphafi hverrar lotu þar sem hæfniviðmið koma fram, hvaða dæmi þarf að leysa og hvernig námsmat lotunnar verður.

### *Grunnþættir menntunar*

| Grunnþáttur             | Áhersluþættir grunnþátta menntunar   |
|-------------------------|--|
| Læsi                    | Að nemendur skilji myndmál og geti nýtt sér það við almenna upplýsingaöflun. Nemendur séu talnalæsir og geti lesið úr töflum og tölum við ýmsar aðstæður.  |
| Sjálfbærni              | Að gera nemendur ábyrga um að skapa samábyrgt samfélag og takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags.   |
| Heilbrigði og velferð   | Áhugasviðum nemenda er gefið rými í stærðfræðináminu og þannig fá þeir tækifæri til að vinna út frá styrkleika og áhuga. Með þessu byggist upp jákvæð sjálfsmýnd og heilbrigði eflist. Hugað er að eigin velferð og annarra og skapað vinnuumhverfi þar sem nemendur eru samábyrgir. |
| Lýðræði og mannréttindi | Réttur allra er virtur og teknar lýðræðislegar ákvarðanir auk þess sem tekið er tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi. Mikilvægt að nemendur þrói með sér hæfni til að rökstyðja og leggja mat á rökstuðning annarra með hjálp stærðfræðinnar.                    |
| Jafnrétti               | Að veita öllum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sín og lifa ábyrgu og skapandi lífi í frjálsu og víðsýnu samfélagi í anda skilnings, umburðarlyndis og jafnræðis.   |
| Sköpun                  | Að virkja nemendur til að gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en þeir hafa áður gert og miðla til annarra.   |



| Viðfangsefni | Námsefni  | Hæfniviðmið/ markmið   | Mat   |
|--------------|---|--|---|
| Rúmfræði     | Átta-tíu 3 og 4<br>Skali 3 og 4<br>Almenn stærðfræði I, II,<br>III<br>Efni frá kennara og af neti | Þekki hugtökin ferstrendingur, þrístrendingur og sívalningur.<br>Geti fundið rúmmál ferstrendinga, þrístrendinga og sívalninga.<br>Geti fundið yfirborðsflatarmál ferstrendinga, þrístrendinga og sívalninga.<br>Nái valdi á rúmmáls mælieiningum og áttað sig á tengslum á milli þeirra.<br>Hornasumma þríhyrnings<br>Reglan um topphorn og grannhorn<br>Hringur er 360<br>Reikna radíus<br>Reikna þvermál<br>Reikna ummál<br>Reikna flatarmál hringa<br>Reikna flatarmál hringgeira<br>Reikna lengd boga á hringgeira<br>Reikna tíma t.d. Flugtíma eða tímamismun<br>Breyta milli mælieininga km/klst - m/sek<br>Reikna tíma - hraða - vegalengd<br>Reikna meðalhraða<br>Breyta milli lengdareininga<br>Breyta milli flatarmálseininga<br>Breyta milli rúmmálseininga<br>Breyta milli rúmmáls og lítra | Í lok hverrar lotu er námsmat sem getur verið könnun, heimadæmi, munnlegt próf, samvinnupróf. |
| Algebra      | Átta-tíu 3 og 4<br>Skali 3 og 4<br>Almenn stærðfræði I, II,<br>III<br>Efni frá kennara og af neti | Þekki forgangsröð aðgerða.<br>Geti notað stæður til að skrá samband stærða.<br>Geti fundið gildi stærða miðað við tilteknar forsendur.<br>Nái valdi á þáttunn einfaldra stærða.<br>Geti margfaldað inn í sviga.<br>Margfalda milli tveggja sviga<br>Geti nýtt algebru til að leysa rúmfræðileg viðfangsefni.<br>Leysa einfaldar jöfnur   | Í lok hverrar lotu er námsmat sem getur verið könnun, heimadæmi, munnlegt próf, samvinnupróf. |

|                                    |   |   |  |
|------------------------------------|---|---|--|
|                                    |   | <p>Leysa jöfnur í fleiri skrefum<br/>         Teikna graf út frá jöfnu<br/>         Finna lausn á jöfnu út frá grafi<br/>         Finna lausnir tveggja lína þar sem þær skerast<br/>         Þekkja jöfnu beinnar línu<br/>         Vita hvað hallatala er<br/>         Geta lesið hallatölu og skurðpunkt við y-ás út úr jöfnu beinnar línu og af grafi.<br/>         Geta teiknað og merkt inn í hnitakerfi<br/>         Geta lesið niðurstöður út úr línuritum<br/>         Geta sett upp gildistöflu<br/>         Geta búið til jöfnu út frá texta<br/>         Geta nýtt sér jöfnur og gröf í tengslum við samband stærða</p> |  |
| Tugabrot, almenn brot og prósentur | <p>Átta-tíu 3 og 4<br/>         Skali 3 og 4<br/>         Almenn stærðfræði I, II, III<br/>         Efni frá kennara og af neti</p> | <p>Skrá almenn brot í tölum og myndum.<br/>         Reikna með almennum brotum.<br/>         Finna brot af heild<br/>         Nota frumþáttun til að finna minnsta samnefnara (MSN)<br/>         Umskrá blandnar tölur.<br/>         Fullstytta brot.<br/>         Finna prósentu, hluta og heild.<br/>         Nota breytipátt við útreikninga<br/>         Reikna vaxtavexti (vexti eftir ákveðið mörg ár).<br/>         Reikna bankavexti sem hluta úr ári.</p>  | <p>Í lok hvernar lotu er námsmat sem getur verið könnun, heimadæmi, munnlegt próf, samvinnupróf.</p> |
| Talnafræði                         | <p>Átta-tíu 3 og 4<br/>         Skali 3 og 4<br/>         Almenn stærðfræði I, II, III<br/>         Efni frá kennara og af neti</p> | <p>Þekkir veldarithátt.<br/>         Þekkir mun á veldisstofni og veldisvísi.<br/>         Getur beitt helstu reiknireglum um veldi.<br/>         Getur fært tölur á staðalform og öfugt.<br/>         Þekkir talnamengin N, Z, Q og R og einkenni þeirra.<br/>         Getur skráð tölu með neikvæðum veldisvísi sem almennt brot.<br/>         Getur fundið út heildarfjölda möguleika<br/>         Getur notað talningatré eða samsetningartöflu</p>   | <p>Í lok hvernar lotu er námsmat sem getur verið könnun, heimadæmi, munnlegt próf, samvinnupróf.</p> |

|                     |  |  |  |
|---------------------|--|--|--|
|                     |  | <p>Þekkir hugtökin mengi og stak og táknið fyrir þau<br/>         Þekkir hugtökin sammengi og sniðmengi og táknið fyrir þau<br/>         Getur teiknað mengjamyndir og nýtt sér við útreikninga<br/>         Þekkja og geta notað táknið <math>\subset</math> er hlutmengi í<br/>         Þekkja táknið <math>\in</math> er stak í og <math>\notin</math> er ekki stak í</p> |  |
| Hlutföll            | <p>Átta-tíu 3 og 4<br/>         Skali 3 og 4<br/>         Almenn stærðfræði I, II,<br/>         III<br/>         Efni frá kennara og af neti</p> | <p>Finna hlutfall milli lengda<br/>         Reglan um einslæga marghyrninga<br/>         Reikna óþekktar stærðir í einslaga marghyrningum<br/>         Skipta á milli í ákveðnum hlutföllum<br/>         Stækka eða minnka eftir ákveðnum mælikvarða</p>   | <p>Í lok hverrar lotu er námsmat sem getur verið könnun, heimadæmi, munnlegt próf, samvinnupróf.</p> |
| Tölfræði og líkindi | <p>Átta-tíu 3 og 4<br/>         Skali 3 og 4<br/>         Almenn stærðfræði I, II,<br/>         III<br/>         Efni frá kennara og af neti</p> | <p>Lesi út úr myndritum<br/>         Finna hækkun/lækkun í prósentustigum<br/>         Finna hlutfallslega hækkun/lækkun<br/>         Finna meðaltal<br/>         Finna miðgildi<br/>         Finna tíðasta gildi<br/>         Reikna líkur<br/>         Háðir atburðir - margfalda saman líkurnar<br/>         Óháðir atburðir - leggja saman líkurnar</p>                  | <p>Í lok hverrar lotu er námsmat sem getur verið könnun, heimadæmi, munnlegt próf, samvinnupróf.</p> |

# Námsgrein: Stærðfræði

# Bekkur: 10.

## *Kennsluáðferðir og skipulag*

Árgangnum er kennt saman tvisvar í viku. Einu sinni í viku er blanda af stærðfræði og náttúrufræði. Einnig hafa þeir vinnustundir til að ljúka við verkefni. Innlagnir og glósur verða í upphafi hverrar lotu. Umræðutímar koma inn á milli og vinnutímar eftir þörfum. Símat verður yfir veturinn. Nemendur fá áætlanir í upphafi hverrar lotu þar sem hæfniviðmið koma fram, hvaða dæmi þarf að leysa og hvernig námsmat lotunnar verður.

## *Grunnþættir menntunar*

| Grunnþáttur             | Áhersluþættir grunnþátta menntunar   |
|-------------------------|--|
| Læsi                    | Að nemendur skilji myndmál og geti nýtt sér það við almenna upplýsingaöflun. Nemendur séu talnalæsir og geti lesið úr töflum og tölum við ýmsar aðstæður.  |
| Sjálfbærni              | Að gera nemendur ábyrga um að skapa samábyrgt samfélag og takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags.   |
| Heilbrigði og velferð   | Áhugasviðum nemenda er gefið rými í stærðfræðináminu og þannig fá þeir tækifæri til að vinna út frá styrkleika og áhuga. Með þessu byggist upp jákvæð sjálfsmýnd og heilbrigði eflist. Hugað er að eigin velferð og annarra og skapað vinnuumhverfi þar sem nemendur eru samábyrgir. |
| Lýðræði og mannréttindi | Réttur allra er virtur og teknar lýðræðislegar ákvarðanir auk þess sem tekið er tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi. Mikilvægt að nemendur þrói með sér hæfni til að rökstyðja og leggja mat á rökstuðning annarra með hjálp stærðfræðinnar.                    |
| Jafnrétti               | Að veita öllum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sín og lifa ábyrgu og skapandi lífi í frjálsum og víðsýnu samfélagi í anda skilnings, umburðarlyndis og jafnræðis.  |
| Sköpun                  | Að virkja nemendur til að gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en þeir hafa áður gert og miðla til annarra.   |

| Viðfangsefni | Námsefni  | Hæfniviðmið/ markmið  | Mat   |
|--------------|---|---|---|
| Rúmfræði     | Átta-tíu 5 og 6<br>Almenn stærðfræði I, II,<br>III<br>Efni frá kennara og af neti | Reikna rúmmál ferstrendings<br>Reikna yfirborðsflatarmál ferstrendings<br>Reikna rúmmál sívalnings<br>Reikna yfirborðsflatarmál sívalnings<br>Reikna flatarmál þríhyrnings<br>Reikna flatarmál hrings<br>Reikna rúmmál keilu<br>Reikna rúmmál píramída<br>Reikna rúmmál kúlu<br>Reikna yfirborðsflatarmál kúlu<br>Þekkja setningu Píþagórasar og geta notað hana<br>Reikna hallatölu beinnar línu út frá hnitum<br>Reglur um topphorn, einslæg horn, grannhorn<br>Úthornareglan<br>Reikna stærðir horna í þríhyrningum<br>Reikna lengdir hliða í einslægum marghyrningum<br>Reglan um einslæga marghyrninga | Í lok hverrar lotu er námsmat sem getur verið könnun, heimadæmi, munnlegt próf, samvinnupróf. |
| Algebra      | Átta-tíu 5 og 6<br>Almenn stærðfræði I, II,<br>III<br>Efni frá kennara og af neti | Einfalda stæður<br>Margfalda inn í sviga<br>Þátta með því að taka út fyrir sviga<br>Einfalda með því að stytta út nefnara<br>Margfalda milli tveggja sviga<br>Leysa jöfnur<br>Skrá lausnir á ójöfnum<br>Leysa jöfnur með því að margfalda í alla liði með samnefnara<br>Setja upp myndrit út frá jöfnu<br>Jafna beinnar línu<br>Reikna hallatölu beinnar línu út frá tveimur punktum<br>Annars stigs jafna og teikna fleygboga<br>Finna núllstöð á grafi  | Í lok hverrar lotu er námsmat sem getur verið könnun, heimadæmi, munnlegt próf, samvinnupróf. |

|                                    |  |   |   |
|------------------------------------|--|---|---|
|                                    |  | Finna núllstöð með þáttun<br>Vita hvort graf er uppsveigt eða niðursveigt<br>Geta fundið topp/botn punkt<br>Leysa jöfnuhneppi með teiknilausn<br>Leysa jöfnuhneppi með innsetningaraðferð<br>Leysa jöfnuhneppi með samlagningaraðferð<br>Leysa orðadæmi með jöfnuhneppum<br>Leysa annars stigs jöfnur   |   |
| Tugabrot, almenn brot og prósentur | Átta-tíu 5 og 6<br>Almenn stærðfræði I, II, III<br>Efni frá kennara og af neti | Reikna með prósentuþríhyrningnum<br>Reikna bankavexti hluta úr ári<br>Reikna vaxtavexti<br>Reikna prómill<br>Styttu/lengja brot<br>Breyta blendinni tölu í almennt brot<br>Reikna með almennum brot   | Í lok hvers lotu er námsmat sem getur verið könnun, heimadæmi, munnlegt próf, samvinnupróf. |
| Talnafræði                         | Átta-tíu 5 og 6<br>Almenn stærðfræði I, II, III<br>Efni frá kennara og af neti | Þekkir spegiltölur<br>Þekkir talnamengin og einkenni þeirra<br>Vita mun á ræðum og óræðum tölum<br>Geti skráð lotu og lengd hennar í lotubundnu tugabroti<br>Geti breytt lotubundnu tugabroti í almennt brot<br>Geti nýtt sér veldi og veldareglur við útreikninga<br>Geti fundið ferningsrót<br>Vita hvað ferningstala er<br>Vita hvað teningstala er<br>Geta fundið teningsrót<br>Þekkja einkenni frumtalna og geta greint hvort tala er frumtala eða ekki<br>Geta frumþáttað<br>Geta fundið lægstu tölu sem báðir nefnarar ganga upp í (minnsti samnefnari)<br>Geta fundið stærsta sameiginlega þátt tveggja talna | Í lok hvers lotu er námsmat sem getur verið könnun, heimadæmi, munnlegt próf, samvinnupróf. |

|                     |   |  |   |
|---------------------|---|--|---|
| Tölfræði og líkindi | Átta-tíu 5 og 6<br>Almenn stærðfræði I, II,<br>III<br>Efni frá kennara og af neti | Geta fundið líkur á háðum atburðum<br>Geta fundið líkur á óháðum atburðum<br>Geta notað samsetningartöflu við útreikninga á mögulegum fjölda<br>Geta notað talningatré við útreikninga á mögulegum fjölda<br>Geta fundið mögulegan fjölda án þess að nota talningatré<br>Geta fundið á hve marga vegu hægt er að raða í sæti/röð<br>Geta fundið samsettar líkur á atburðum<br>Geta fundið hlutfallstíðni<br>Teikna einföld myndrit<br>Lesi út úr myndritum<br>Geta fundið meðaltal, tíðni, miðgildi, hlutfallstíðni, tíðasta gildi<br>Vinna með forritið Excel | Í lok hvernar lotu er námsmat sem getur verið könnun, heimadæmi, munnlegt próf, samvinnupróf. |
|---------------------|---|--|---|

# Námsgrein: Danska

## Bekkur: 8.

Tímafjöldi á viku: 1 klukkustund og 30 mínútur

### *Kennsluaðferðir og skipulag*

Danskan er unnin í ákveðnum þemum og í lok hvers þema er könnun eða lokaverkefni, ýmist munnlegt eða skriflegt. Innan hvers þema er unnið með lesskilning og verkefnavinnu út frá lestextum, hlustunaræfingar, skriflegar æfingar og munnlegar æfingar. Milli þema er alltaf uppbrot, t.d. horft á mynd eða dönsk spil spiluð. Í 8. bekk er horft á þáttaröðina Mille. Tölurnar eru æfðar með því að spila bingó og reglulega yfir veturinn er hlustað á danska tónlist og verkefni unnin út frá textunum. Yfirleitt er í boði að hlusta á danska tónlist í dönskutímum. Desember er bókalaus mánuður en þá er aðeins unnið með verkefnablöð og annað efni frá kennara, allt tengt jólahaldi í Danmörku og á hinum Norðurlöndunum. Í 8. bekk er unnið verkefni um Kaupmannahöfn þar sem nemendur skipuleggja ferð þangað.

### *Grunnþættir menntunar*

| Grunnþáttur             | Áhersluþættir grunnþátta menntunar  |
|-------------------------|---|
| Læsi                    | Að nemendur:<br>-geti lesið ólíka texta og beitt mismunandi lestraráðferðum.<br>-geti skrifað einfaldar setningar á dönsku.<br>-séu læsir á umhverfi sitt.<br>-geti skilið danskar kvikmyndir og þætti.   |
| Sjálfbærni              | Að nemendur:<br>-verði meðvitaðir um umhverfi sitt, (Húsavík, skólinn og skólalóðin, skólastofan).  |
| Sköpun                  | Að nemendur:<br>-fái að skrifa texta frá eigin brjósti og teikna og vinna verkefni sín á ólíkan hátt.   |
| Heilbrigði og velferð   | Að nemendur:<br>-upplifi jákvætt andrúmsloft.<br>-taki sjálfstæðar ákvarðanir í námi og verkefnavali.   |
| Lýðræði og mannréttindi | Að nemendur:<br>-fái að einhverju leyti að velja sér viðfangsefni og velja á hvaða formi þeir skila verkefnum.<br>-fái að hafa skoðanir á námsefninu og geti valið að einhverju leiti hvaða kvikmyndir er horft á<br>-fái að velja með hverjum þeir vinna í hópverkefnum. |



|           |   |
|-----------|---|
